



Afþreying



Öðruvísi dagar



Karllaklúbbur



Skartgripanámskeið

Gildi Lækjaráss eru *virðing*, *sveigjanleiki* og *nýbreytni* og eru þau tæki starfsmanna til að vinna að því að auka jákvæð og velmetin hlutverk þjónustunotenda. Lækjarás gerir kröfur til starfsmanna að þeir kynni sér vel ákveðnar leiðir sem eru í takt við hugmyndafræði Wolf Wolfensberger og gildi staðarins.



# Lækjarás Dagþjónusta



Garðparty



Fjölmiðlaklúbbur



Flöskuvinna



Páska bingó

Skrifstofa  
Ás Styrktarfélag  
Skiopholti 50c  
Sími 414-0500  
[www.styrktarfelag.is](http://www.styrktarfelag.is)

Lækjarás dagþjónusta  
Stjörnugróf 7  
108 Reykjavík  
Sími: 414-0560  
Netfang:  
[laekjaras@styrktarfelag.is](mailto:laekjaras@styrktarfelag.is)

## Daglegt skipulag

- Lækjarás býður upp á dagþjónustu fyrir 20 ára og eldri og hefur verið starfrækt í Stjórnugróf frá 1981.
- Í Lækjarási eru 35 þjónustunotendur og flestir búa á sambýlum. Þeir nýta sér ýmist akstur á vegum Allrahanda eða Ferðaþjónustu fatlaðra.
- Í Lækjarási eru fimm einingar þar sem boðið er upp á mismunandi tilboð. Allir einstaklingarnir hafa sína heimastofu þar sem dagurinn byrjar og endar.
- Starfsemi Lækjaráss fer fram á virkum dögum frá kl. 9:00 til 16:30. Boðið er upp á hádegismat og síðdegishressingu.
- Lækjarás er lokað í tvær vikur yfir sumar-tímann.
- Starfsemin í Lækjarási er brotin upp öðru hverju til dæmis með, öðruvísi dögum, vettvangsferðum og viðburðum sem tengjast jölunum. Heilsuvika er orðinn árviss viðburður í Lækjarási á hverju vori.



Heilsuvika



Öðruvísi dagur

## Innra starf

Í Lækjarási er veitt einstaklingsmiðuð þjónusta og þroskaþjálfun þar sem hver og einn hefur dagskrá sem sniðin er eftir þörfum hans. Þroskaþjálfar bera ábyrgð á gerð þjónustuáætlana sem unnið er eftir yfir veturinn. Þjónustuáætlun er starfsrammi, sem felur í sér tilboð sem dagþjónustan býður upp á hverju sinni. Þjónustuáætlun er endurmetin reglulega.


### Þjónustuáætlun inniheldur eftirfarandi

#### áhersluþætti:

- Vinna
- Reynsla, þekking og upplifun
- Boðskipti
- Athafnir daglegs lífs
- Áhrif á eigið líf
- Líkamsrækt
- Félagsstarf




Starfsemi Lækjaráss spannar vítt svið og má þar nefna, þökkunarvinnu, verkefnavinnu, klúbbstarfsemi, tölvutíma, líkamsþjálfun og vettvangsferðir.



### Helstu boðskiptaleiðir sem notaðar eru í Lækjarási auk talmáls eru eftirfarandi:


#### Ljósmyndir

Ljósmyndir sýna raunverulega hluti og aðstæður. Þær eru oft notaðar úr daglegu lífi einstaklings og getur reynst gagnlegt að nota ljósmyndir með öðrum táknefnum ásamt því að styðja við frásögn í samskiptabók.



#### Boardmaker

Boardmaker myndunum er ætlað að ná yfir helstu orð og hugtök sem notuð eru í daglegu tali.



#### Pictogram

Pictogram myndirnar eru notaðar til einfaldra boðskipta.

#### Tákn með tali

Tákn með tali byggist á því að tákn eru notuð samhliða tali og vísa í athöfn. Aðeins lykilorð hvernar setningar er táknað.



#### Hlutir notaðir sem tákn

Hlutir eru stundum notaðir til boðskipta þegar ekki er ljóst hvort einstaklingurinn getur nýtt sér myndir.

